

## Fyrirspurn

til matvælaráðherra um verksmiðjubúskap.

Frá Valgerði Árnadóttur.

1. Hver er skilgreiningin á verksmiðjubúskap annars vegar og þauleldi hins vegar?
2. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar hvað varðar þessar greinar með tilliti til dýravelferðar-sjónarmiða?
3. Hyggst ráðherra kanna hvað veldur því að Matvælastofnun gefur ekki upp ópersónu-greinanlegar upplýsingar sem eiga að vera almenningi opnar á grundvelli upplýsinga-laga, nr. 140/2012, þegar frjáls félagasamtök sem láta sig dýravelferð varða leita eftir þeim?
4. Hver er fjöldi dýra í verksmiðjubúskap og þauleldi á Íslandi, flokkað eftir tegundum?
5. Hversu mörg starfsleyfi eru í gildi samkvæmt lið 6.6 í viðauka I í lögum um hollustu-hætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998? Óskað er eftir sundurliðun eftir tegundum. Einnig er óskað eftir sundurliðun gilda starfsleyfa hvert ár sl. fimm ár.

Skriflegt svar óskast.